

Dagskrárliður	Viðfangsefni	Haustið 1.9.-30.11.2017	Veturinn 1.12.-29.2.2018	Vorið 1.3.-31.5.2018	Sumarið 1.6.-31.8.2018	Athugasemd:
Samverustundir/ róleg stund	Þetta er upphafsstund dagsins þar sem allir mættir eru samankomnir. Áhersluatriði sjónrænt dagskipulag, dagatal og talnaskilningur. Lubbi finnur málbein málörvunarverkefni.					Mikilvægt að fara í sjónræna dagskipulagið með öllum börnunum svo allir séu með dagskrána á hreinu í upphafi dags.
Þemastaf	Þema vetrarins er lífsleikni.	-Árstíðin haust -Ömmu og afakaffi -Dagur íslenskrar náttúru -Feðradagurinn -Dagur íslenskrar tungu -Lubbadagurinn -Haustfrí	-Árstíðin vetur -1. desember -Jól og nýár -Þorablót Dagur leikskólans Vetrarfrí	- Árstíðin vor -Páskar -Sumardagurinn fyrsti. -Fyrsti maí -Mæðradagurinn -Hvítasunna	-Árstíðin sumar - 17.júní -Verkefni úti í náttúrinni. - Útinám og kennsla - Sumarleyfi	Kynnast árstíðunum. Miðar að því að efla málþroska, málskilning og orðaforða. Æfa finhreyfingar Æfa grófhreyfingar og samskipti.
Útivist	Æfa grófhreyfingar og samskipti. Kynnast árstíðunum og njóta útiveru og ytra umhverfis síns. Árstíðin, leikir, söngvar. Að njóta útivistar og kynnast ytra umhverfi sínu. Útikennsla og útinám.					Hér er skipulagðir leikir og útinám, sem og vettvangsferðir
Róleg stund	Lesin stutt eða löng saga. Rætt um innihald sögunnar. Börnin tjá sig um söguhetjurnar og setja sig í spor þeirra. Tjáning og frásögn. Söngur eða litlir leikir. Fyrir eldri börnin er mikilvægt að kenna þeim um höfundabóka, þ.e. einhver fann hjá sér hvöt til að skrifa sögu og annar að myndskreyta hana. Tala um forsiðu, baksíðu, titil og höfund. Fyrir litlu börnin er tjáning mikilvæg og eftirhermun.					
Matmálstímar	Borðsiðir, spjall, umræður og frásögn. Ýtt undir sjálfstæði og sjálfsbjörg.					Samkvæmt matseðli
Hvild/ verkefnastundir	Slökun og hvíld hjá yngri börnum. Róleg samverustund hjá eldri börnum og verkefnavinna.					
Frjáls leikur / Útivist	Í frjálsum leik er fylgt valtoflu eða skipulagi kennara.					
Mat á starfi	Foreldrar taka þátt í foreldrakönnun skólapúlsins feb. 2018. Starfsfólk framkvæma sjálfsmat og Eccers kvarðinn lagður fyrir. Starfsmannasamtöl í mars 2018.					
Þroskamát og skimanir	Þroskamát fer fram í október og janúar. Foreldraviðtöl, tvisvar á ári í jan. og maí 2017. Elstu börnin fá afhenta útskriftamöppu við útskrift í maí 2017. Börn fædd 2014 fara í Efi-2 málþroskaskimun í sept. 2017 og apríl 2018. Börn fædd 2012 fara í Hljóm-2 próf í sept. 2017 og mars 2018. Niðurstöðum hópsins er skilað til Skólaskrifstofu Austurlands til nánari úrvinnslu. Gerð er TRAS-skráning á öllum börnum sem náð hafa 2,4 ára aldri. Málhljóðamælirinn er lagður fyrir öll börn, 2 ára og eldri af sérkennara.					